

# Kvennaskólinn í Reykjavík



## Sjálfsmatsskýrsla Kvennaskólans í Reykjavík 2017-2018

### Áætlun um innra mat 2018 - 2019

Kvennaskólinn í Reykjavík  
Febrúar 2019

## Efnisyfirlit

|  |    |
|--|----|
| Inngangur .....  | 3  |
| 1. Innra mat - gæðakerfi .....   | 3  |
| 2. Kennslumat og kannanir .....  | 4  |
| 2.1 Kennslu- og áfangamat .....  | 4  |
| 2.2. Starfsmannaviðtöl .....   | 4  |
| 2.3 Líðan nemenda - Skólapúlsinn.....                                    | 4  |
| 2.4 Starfsmannakannanir - Stofnun ársins .....                           | 6  |
| 2.5 Könnun á rafrettunotkun meðal nemenda.....                           | 6  |
| 3. Gæðamarkmið – mælingar.....   | 7  |
| 3.1 Hlutfall brautskráðra .....  | 7  |
| 3.2 Mætingar og brotthvarf.....  | 7  |
| 4. Umbótaverkefni .....  | 8  |
| 4.1 Matsteymi komið á laggirnar .....                                    | 8  |
| 4.2 Hvatt til aukinnar þátttöku í Stofnun ársins .....                   | 8  |
| 4.3 Stutt við starf vinnuhópa.....                                       | 8  |
| 4.4. Verkefni á sviði húsnæðis og búnaðar.....                           | 9  |
| 4.5. Önnur helstu umbótaverkefni sem unnið var að veturinn 2017-18 ..... | 10 |
| 5. Greining á niðurstöðum .....  | 12 |
| 5.1. Styrkleikar.....  | 12 |
| 5.2. Veikleikar .....  | 12 |
| 6. Umbótaáætlun .....  | 12 |
| Lokaorð .....  | 13 |
| Viðaukar.....  | 14 |
| Viðauki 1 Gæðamarkmið og mælikvarðar .....                               | 14 |
| Viðauki 2 Framkvæmdaáætlun – staða verkefnanna .....                     | 15 |
| Viðauki 3 Dagskrá húspinga 2017-18.....                                  | 18 |

## Inngangur

Kvennaskólinn í Reykjavík er bekkjaskóli og býður nám til stúdentsprófs á þremur námsbrautum; félagsvísindabraut, náttúruvísindabraut og hugvísindabraut. Skólinn starfar skv. lögum um framhaldsskóla frá 2008. Námsstími er sveigjanlegur 3-4 ár en stefna skólans er að sem flestir ljúki stúdentsprófi á þremur árum. Inntökuskilyrði á einstaka námsbrautir eru tilgreindar á vef skólans sem og kröfur um námsframvindu. Skólanámskrá er birt á heimasíðu. Almennur hluti hennar var síðast endurskoðaður í heild sinni 2013.

### 1. Innra mat - gæðakerfi

Kvennaskólinn í Reykjavík starfar skv. lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 en þar er m.a. kveðið á um hvernig innra mati skuli háttað í framhaldsskólum landsins. Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er m.a. að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Tilgangur þess er jafnframt að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla og um leið að auka gæði náms og stuðla að umbótum. Hverjum framhaldsskóla er ætlað að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. framhaldsskólalaga með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á og birti opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur (41. gr.). Tilgangur þessarar skýrslu er að halda til haga á einum stað gögnum og upplýsingum er varða innra mat skólans fyrir skólaárið 2017-18 eins og lög gera ráð fyrir. Skýrsla um innra mat er jafnframt mikilvægur þáttur í því verkefni að leggja fram á hverju ári áætlun til þriggja ára um stefnu ríkisaðila í A-hluta sbr. 31. gr. laga um opinber fjármál. Gæðakerfi er ætlað að tryggja að unnið sé að stöðugum umbótum á starfsemi skólans, að fram komi áreiðanlegar upplýsingar þar að lútandi og að unnið sé samkvæmt vinnureglum sem skólinn setur sér, lögum, reglugerðum og fyrirmælum fagráðuneytis á hverjum tíma. Gæðakerfi á að einkennast af því að skólinn skilgreini markmið sín í þeim tilgangi að hann nái þeim árangri sem þau kveða á um. Því séu öll gæðamarkmið mælanleg.

Gæðamarkmið fléttast beint inn í þriggja ára áætlun Kvennaskólans um starf sitt og rekstrarmarkmið. Þau eru mælanleg og eru því mælkvarði á það hvort skólinn er að standa sig. Í sumum tilvikum eru mælikvarðarnir þannig að erfitt getur verið að auka þann árangur sem stefnt er að frá ári til árs – en í öðrum tilvikum má gera betur. Mikilvægt er að mælingar fari fram árlega og keppt sé að því að bæta hann þar sem markmiðum hefur ekki verið náð og góður árangur tryggður og honum við haldið á öllum sviðum. ( Sjá viðauka 1)

Innra mat Kvennaskólans fer annars vegar fram með því að lagðar eru með skipulögðum hætti fyrir kannanir fyrir þá sem hlut eiga að máli; nemendur, starfsfólk og foreldra. Hins vegar er innra matið fólgið í mælingum á árangri skólastarfsins sem meðal annars lýtur að hlutfalli brautskráðra stúdenta, gengi þeirra í háskóla og mætingum og brotthvarfi.

## 2. Kennslumat og kannanir

### 2.1 Kennslu- og áfangamat

Frá árinu 2015 hefur verið við lýði kerfi sem lýtur að mati á kennslu allra kennara skólans. Árið 2015 fór fram kennslumat í öllum kenndum áföngum. Var því síðan fylgt eftir með áhorfi í tímum og starfsmannaviðtölum.

Haustið 2016 var gerð ný áætlun sem miðar að því að 1/3 kennslugreina fari í kennslumat á hverri önn og hver kennari fari ekki sjaldnar í mat og viðtal en á tveggja ára fresti. Haustið 2017 fór fram kennslumat í raungreinum og íslensku og á vorönn 2018 fór fram kennslumat á nýjum kennurum skólans. Kennarar fá niðurstöður um stöðu sína og nemendur fá tækifæri til að láta í ljós skoðun sína á þeirri kennslu sem þeir fá í einstaka áföngum í skólanum.

Tilgangur áfanga- og kennslukannana er að kennarar og stjórnendur, auk fagstjóra í hverri grein eða greinaflokki, fái vísbendingar um hvernig til hafi tekist í áfanganum og í skólastarfinu. Ef fram koma athugasemdir um eitthvað sem betur mætti fara er það rætt á fagfundum eða við viðkomandi kennara og markmið sett um að bæta úr þangað til í næstu könnun eða fyrr ef svo ber undir. Kennarar sjá niðurstöður sínar úr kennslukönnunum í Innu og eru þær ræddar og rýndar í starfsmannaviðtali við skólameistara, aðstoðarskólameistara eða námstjóra.

### 2.2. Starfsmannaviðtöl

Á sömu önn eða næstu eftir að kennslu- og áfangamat hefur farið fram boða stjórnendur viðkomandi kennara, u.þ.b. 1/3 hópsins hverju sinni, í viðtal. Stuðst er við ákveðið form sem báðir aðilar hafa til hliðsjónar þegar viðtalið er tekið og eiga þeir þess kost að skrifa athugasemdir við hvern þátt viðtalsins. Skólameistari, aðstoðarskólameistari og námstjóri annast viðtölin. Markmiðið er að fram fari starfsmannaviðtöl við alla starfsmenn skólans á tveggja ára fresti hið minnsta

Áður en viðkomandi kennari er boðaður í viðtal koma hann og sá stjórnandi sem tekur viðtalið sér saman um heimsókn þess síðarnefnda í kennslustund. Stjórnandi er viðstaddur eina kennslustund sem tekur eina klukkustund. Hann fylgist með því sem fram fer; kennsluháttum, samskiptum kennara og nemenda, samskiptum nemenda innbyrðis, þátttöku nemenda, agastjórnun, skipulagi o.s.frv. Tilgangurinn er sá að stjórnandi geti myndað sér skoðun á frammistöðu kennarans; eins og styrkleikum og veikleikum í starfi. Heimsókn af þessu tagi er góður undirbúningur stjórnanda fyrir viðtal við kennarann sem byggir þá bæði á mati nemenda og stjórnandans.

### 2.3 Líðan nemenda - Skólapúlsinn

Skólinn tekur þátt í Skólapúlsinum á tveggja ára fresti og rýnir niðurstöður hans. Hið

sama á við um könnunina Ungt fólk. Skólinn hefur fengið niðurstöður sem eiga sérstaklega við nemendur hans og farið yfir þær með hliðsjón af líðan, áhættuhegðun o.fl. Niðurstöður eru ræddar á kennarafundum í hvert sinn sem þær birtast. Einnig fjallar forvarnateymi skólans um þær og hefur til hliðsjónar við störf sín og áherslur.

Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í nóvember 2017. Hann kannar meðal annars skólabrag, ástundun og líðan nemenda í skólanum. Það er ýmislegt úr niðurstöðum Skólapúlsins sem kemur mjög jákvætt út fyrir Kvennaskólann en annað er umhugsunarvert. Jákvæðir hlutir eru til dæmis að nemendur Kvennaskólans sýna honum mjög mikla hollustu og þykir greinilega vænt um skólann sinn. Þá eru flestir nemendur að mestu leyti ánægðir með kennsluna sem þeir fá og sinna námi sínu vel. Það er þó greinilegur munur á svörum eftir kyni í þessum þætti og karlkyns nemendur virðast ekki leggja sig jafn mikið fram og aðrir nemendur skólans. Þeir þættir sem vöktu mesta athygli hjá skólastjórnendum að þessu sinni snúa annars vegar að einelti og hins vegar að því að nemendur hér í skólanum hafa upplifað ofbeldi og kynferðislega áreitni í skólanum eða á viðburðum á vegum skólans. Hlutfall þeirra nemenda sem upplifa eineltistilburði í skólanum hefur hækkað frá seinustu könnun sem skólinn tók þátt í þrátt fyrir viðleitni skólans til að taka á þeim málum. Í könnuninni kemur fram að það eru alls 10,4% nemenda sem svara könnuninni á þann hátt að þeir hafi upplifað eineltistilburði á haustönn 2017. Einnig kemur það fram að 7,2% svarenda segjast hafa orðið fyrir ofbeldi eða kynferðislegri áreitni mánuðina tvo á undan könnuninni og er marktækur munur bæði á milli mælinga og á milli skóla. Í Kvennaskólanum í Reykjavík leggur starfsfólk sig fram til að nemendum líði vel enda er það forsenda þess að nám geti átt sér stað. Gripið var til nokkurra ráðstafana til þess að bregðast við niðurstöðunum úr Skólapúlsinum og nemendur og aðstandendur fengu tölvupóst um niðurstöðurnar og þau skref sem skólinn ætlaði sér að stíga til að reyna að skilja vandann betur og stemma stigu við þessari þróun.

Fyrstu viðbrögð við niðurstöðunum voru að jafnréttisfulltrúi skólans fundaði með stjórn nemendafélagsins Keðjunnar þar sem niðurstöðurnar voru ræddar og hvað nemendafélagið gæti gert til að reynt að tryggja betur líðan og líkama nemenda á viðburðum tengdum skólanum. Meðal þess sem kom úr þeim fundi voru tilmæli til gæslu á böllum skólans um að vera meira vakandi fyrir kynferðislegri áreitni á böllum og að slík hegðun væri ávísun á brottrekstur af viðburðinum. Þá ætluðu stjórnarmeðlimir að vekja frekari athygli á að þessi hegðun væri ekki liðin í neinu formi. Áætlun var gerð til þess að fá nemendur til að vinna með niðurstöður Skólapúlsins þar sem leitað er eftir hugmyndum þeirra um hvernig megi laga þessi mál. Þessar hugmyndir eiga síðan að vera grunnurinn að úrbótavinnu. Á vorhúspingi starfsmanna skólans stýrði jafnréttisfulltrúi vinnufundi þar sem hugmyndir þeirra um hvernig best væri að skipuleggja þessa vinnu voru ræddar. Úr þeirri vinnu var unnið handrit að stuttu myndbandi og spurningum fyrir nemendur til þess að svara í tíma líkt og gert er á forvarnardaginn ár hvert. Ekki gafst tími hjá nemendafélaginu til þess að taka myndbandið upp fyrir skólalok en ætlað er að þessi vinna verði meðal fyrstu verka á haustönn 2018. Eineltisteymi skólans auk forvarnarfulltrúa unnu að nýrri og endurbættri eineltisáætlun skólans og áætlun gegn kynferðislegu- og kynbundnu ofbeldi. Vonir standa til þess að vinna nemendanna (sjá ofar) verði notuð til þess að

endurbæta þessar áætlanir þannig að nú er búið að leggja fram drög að endurbótum sem verða endurskoðaðar í ljósi þeirrar vinnu sem er framundan á haustönninni.

## 2.4 Starfsmannakannanir - Stofnun ársins

Könnunin Stofnun ársins hefur verið notuð í þágu innra mats skólans sem starfsmannakönnun og verður svo áfram. Sú könnun fer fram á vorin og verða þær niðurstöður hér eftir nýttar sem hluti af innra mati skólans á hverju ári. Kvinnaskólinn tók síðast þátt á vorönn 2018 og varð þá í 17. sæti stofnana í sama stærðarflokki með heildareinkunninni 4,081 og hafði þar með færst upp um 11 sæti frá könnuninni árið 2017 þegar skólinn var í 28. sæti. Þau fimm atriði sem komu best út hjá Kvinnaskólanum í könnuninni sl. vor eru:

1. Þegar stofnunina sem ég starfa hjá ber á góma er sú umræða yfirleitt jákvæð
2. Ég er stolt/ur af stofnuninni sem ég starfa hjá
3. Þegar á heildina er litið hef ég mikil áhrif á hvernig starf mitt er unnið
4. Þegar á heildina er litið er stofnunin sem ég starfa hjá talin vera mjög traust
5. Á mínum vinnustað er lögð áhersla á jafnrétti kynjanna

Þau fimm atriði sem fengu lakasta útkomu hjá skólanum eru:

- 1) Ég á auðvelt með að taka sumarfrí /önnur frí á þeim tíma sem mér hentar
- 2) Ánægja með launakjör
- 3) Laun starfsfólks stofnunarinnar eru ákveðin af sanngirni
- 4) Telur þú vinnuveitanda þinn veita betri, svipuð eða verri launakjör en gert er á öðrum sambærilegum vinnustöðum?
- 5) Ánægja með loftgæði

Eitt af gæðamarkmiðum skólans er að starfsfólk hans sé ánægt í starfi sínu. Það er ekki annað að sjá en að það sé raunin því að meðaltal svörunar starfsmanna skólans um það hvort þeir seu ánægðir í starfi sínu er 4,56 sem er er talsvert hærra en meðaltal viðmiðunarstofnana; aðrir framhaldsskólar og háskólar eru með meðaltalið 4,32 en allar stofnanir eru með meðaltalið 4,21.

## 2.5 Könnun á rafrettunotkun meðal nemenda

Talsvert var farið að bera á rafrettunotkun nemenda skólans veturinn 2017-18 svo ákveðið var að kanna rafrettunotkun meðal nemenda skólans. Á vorönn 2018 var könnunin lögð fyrir alla nemendur skólans sem þá voru 599 og var svarhlutfall rúm 89%. Spurningarnar snérust annars vegar um hvort svarandi hefði reykt rafrettur að jafnaði síðasta mánuðinn en því svöruðu 73% neitandi. Um helmingur þeirra sem höfðu notað rafrettur reyktu sjaldnar en einu sinni á dag en af þeim sem reyktu

rafrettur daglega sem voru 14% svarenda sagðist helmingur nota þær 1-10 sinnum á dag en hinn helmingurinn 11 sinnum eða oftar á dag. Hins vegar var spurt um hvort nemendur hefðu reykt rafrettur í skólanum eða á atburðum á vegum skólans. Nokkuð virtist vera um það en algengast var að nemendur reyktu á skólalóðinni, í kennslustofum, á nemendasvæðum og í ferðum á vegum skólans. Skólaböll, gangar skólans og salerni skólans voru einnig nefnd í þessu samhengi. Viðbrögð skólans við þessum upplýsingum var að ydda reglur um rafrettunotkun í skólanum og tilfinningin er sú að minna virðist vera um rafrettunotkun eftir það þótt það hafi ekki verið kannað síðan.

### **3. Gæðamarkmið – mælingar**

Gæðamarkmið tengjast og eru í samræmi við þriggja ára áætlun Kvennaskólans um starf sitt og rekstrarmarkmið. Í skólanum er unnið að því að bæta gæði skólastarfsins með hliðsjón af eftirfarandi gæðamarkmiðum og kvörðum til að mæla þau:

#### **3.1 Hlutfall brautskráðra**

Eitt af meginmarkmiðum Kvennaskólans er að sem flestir nemendur sem innritast nái að brautskrást og einnig að þeir nái að brautskrást sem stúdentar á þremur árum. Þó að alltaf sé gert ráð fyrir að hluti nemenda þurfi lengri tíma af ýmsum ástæðum, er markmiðið að sem flestum takist þetta. Nemendur sem innrituðust haustið 2015 voru 224 talsins, 161 stúlka og 63 piltar. Af þeim útskrifuðust 179 vorið 2018, 6 útskrifuðust í desember 2018 og 3 stefna að útskrift vorið 2019. Útskriftarhlutfall þessa innritunarhóps frá 2015 stefnir því í að vera 84%. Af þeim, úr þessum innritunarhópi sem útskrifast frá Kvennaskólanum, eru það rúmlega 95% sem útskrifast á 3 árum.

#### **3.2 Mætingar og brotthvarf**

Markmið Kvennaskólans er að meðaltal vottorðamætinga nemenda sé ekki lægra en 90% á önn og brotthvarf fari ekki yfir 3%.

Á haustönn 2017 voru 87% nemenda með 90% eða hærri vottorðaskólasókn. Meðaltals vottorðaskólasókn allra nemenda skólans á haustönn 2017 var 96%. Tölur vorannar 2018 eru ívið lægri. Þá voru 85% nemenda með 90% vottorðaskólasókn eða hærri en meðaltal vottorðaskólasóknar allra nemenda skólans á þeirri önn var 95%. Á haustönn 2017 fengu 264 nemendur eða 42% nemenda skólans skólasóknareiningu en hún fæst fyrir 96% eða hærri raunskólasókn. Á vorönn 2018 fengu 187 nemendur skólasóknareiningu eða 31% nemenda skólans.

Ástæður brotthvarfs eru teknar saman árlega fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið sem gefur út skýrslu um brotthvarf í framhaldsskólum á Íslandi. Kvennaskólinn tekur þátt í brotthvarfsverkefni á vegum ráðuneytisins sem felst í skimun á því hvort nýnemar séu í brottfallshættu. Könnun er lögð fyrir nýnema á haustönn þar sem þeir eru spurðir um t.d. líðan og námsárangur. Með þessari könnun, sem náms- og starfsráðgjafar skólans annast, er hægt að skima út þá

nemendur sem eru í brottfallshættu og veita þeim frekari stuðning ef ástæða þykir til.

Haustið 2017 hófu 628 nemendur nám við skólann. 16 útskrifuðust með stúdentspróf í desember. 17 nemendur hurfu frá námi einhvern tíma vetrarins, þar af skiptu 12 um skóla um áramót, 2 hættu vegna veikinda, 1 vegna brota á mætingareglum og 2 af öðrum ástæðum. Þetta svarar til 2,7% brottfalls.

## **4. Umbótaverkefni**

Unnið var að margs konar umbótaverkefnum í skólanum skólaárið 2017-2018 sem flest tengjast þriggja ára stefnuskjali skólans. Helstu verkefni eru eftirfarandi:

### **4.1 Matsteymi komið á laggirnar**

Efst á lista umbótaáætlunar fyrir veturinn 2017-18 var að koma á fót matsteymi. Vinna við það hófst á haustdögum 2017 og var í fyrstunni myndaður bráðabirgðahópur sem hafði það verkefni að undirbúa matsáætlun og koma matsmálum í skipulagðara horf. Undirbúningur var í gangi þetta skólaár sem leiddi til þess að formlegur matshópur var settur á laggirnar strax haustið 2018 undir forystu Bjarkar Þorgeirsdóttur félagsgreinakennara. Nánari grein fyrir starfi hópsins verður gerð í sjálfsmatskýrslu fyrir skólaárið 2018-19.

### **4.2 Hvatt til aukinnar þátttöku í Stofnun ársins**

Ein af þeim könnunum sem koma skólanum til góða er Stofnun ársins, könnun sem er lögð fyrir árlega á vegum Fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Þar er spurt um stjórnun skólans, starfsanda, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleika í vinnu, stjálftæði í starfi, ímynd stofnunarinnar, ánægja og stolt og jafnrétti. Allt eru þetta gagnlegar upplýsingar og mikilvægur hluti af mati á skólanum. Þátttaka meðal starfsfólks skólans hefur verið minni en æskilegt væri þ.e. 52% fyrir könnunina vorið 2017. Ákveðið var að reyna að stuðla að aukinni þátttöku fyrir skólaárið 2017-18 og voru sendir út reglulegir hvatingarpóstar og einnig rætt á kennarafundi á því tímabili sem könnunin var opin. Þessi tilraun til aukinnar þátttöku skilaði ekki þeim árangri sem vænst hafði verið því að einungis 46% starfsmanna tók þátt í könnuninni á vorönn 2018. Líklegast er að nokkurrar þreytu gæti gagnvart könnuninni þar sem hún er talsvert löng og kannski of mikið að ætlast til að fólk taki þátt í henni árlega. En hver sem ástæðan er þarf að finna árangursríkari aðferðir til þess að hvetja til aukinnar þátttöku á vorönn 2019.

### **4.3 Stutt við starf vinnuhópa**

Stöðugt er verið að reyna að laga það sem betur má fara í skólastarfinu. Veturinn 2017-2018 var áherslan einkum á þremur atriðum og myndaðir voru hópar sem unnu að því að greina hvaða atriði þyrftu lagfæringar við og hvernig best væri að vinna að þeim:



**4.3.1 Bókasafnshópur.** Undanfarin ár hefur aðsókn og notkun nemenda og kennara á bókasafninu farið minnkandi. Ástæðurnar má að nokkru leyti rekja til þess að aðferðir við heimildavinnu hafa breytst í árunna rás og miklu meiri notkun er nú á efni á netinu sem fer ekki fram á bókasafninu. Vinnan hófst á því að allar faggreinadeildir skólans voru beðnar um að ræða og skila niðurstöðum um það hvernig auka mætti þjónustu og notkun bókasafnsins. Samantekt á þessum atriðum voru síðan sendar öllum kennurum skólans og eftir það stofnaður vinnuhópur sem í voru fulltrúar kennara af öllum brautum skólans. Hópnum var falið var að athuga hverjar hugmyndanna væru framkvæmanlegar og forgangsraða þeim. Hópurinn hóf störf á vorönninni 2018 og var ætlað að vinna í málinu fyrir næsta vetur 2018-19.

**4.3.2 Húsbúnaðarhópur.** Veturinn 2017-18 var farið að huga betur en áður að húsbúnaði og skipulag í kennslustofum. Segja má að þessi vinna hafi að nokkru leyti komið til í kjölfarið þess að Anna Kristín Sigurðardóttir dósent í HÍ flutti fyrirlestur á Húspingi skólans 13. október 2017 þar sem hún sagði frá niðurstöðum rannsóknar um starfshætti í framhaldsskólum en sú rannsókn fór m.a. fram í Kvennaskólanum. Leitað var eftir viðhorfum nemenda til þess við hvaða aðstæður þeim þætti gott að læra eða ekki. Notaðar voru myndir til að varpa ljósi á viðhorf þeirra. Umræða í hópum getur beinst að því að greina hvaða tækifæri nemendur í skólanum hafa til að aðlaga umhverfið að eigin námsstíl og aðferðum til að draga fram sjónarmið nemenda. Ákveðið var að stofna hóp í Kvennaskólanum sem ynni að því að koma með tillögur um breytingar á húsbúnaði og uppröðun í kennslustofum og var undirbúningur hafinn á vorönn 2018 en hópnum var ætlað að skila tillögum fyrir árslok 2018. Endanlegum niðurstöðum verða gerð skil í ársskýrslu skólaársins 2018-19.

**4.3.3 Framtíð hugvísindabrautar.** Vorið 2017 fengust ekki nægilega margar umsóknir um hugvísindabraut til þess að hægt væri að starfrækja hana veturinn 2017-18. Því var settur á stofn vinnuhópur sem fékk það verkefni að fjalla um minnkandi áhuga grunnskólanemenda og fækkandi umsóknir á hugvísindabraut skólans. Honum var ætlað að koma með hugmyndir um hvort og hvernig mætti efla hugvísindabrautina en hún er í raun sprottin upp úr gömlu málabrautinni. Spurningin var sú hvort unnt væri að breyta áherslum til þess að gera brautina meira aðlaðandi eða að leggja hana niður. Hópurinn skoðaði hvað verið væri að gera á sambærilegum brautum í öðrum skólum og hvernig aðsókn væri þar en ekki komu fram verulegar áherslubreytingar í niðurstöðum hópsins eftir þær athuganir. Ákveðið var að reyna að standa betur að kynningu á brautinni og athuga hvort það skilaði árangri sem það gerði og nægilega margar umsóknir bárust til þess að hægt væri að manna bekk veturinn 2018-19.

## **4.4. Verkefni á sviði húsnæðis og búnaðar**

**4.4.1 Loftgæði og hljóðvist.** Í samstarfi við Ríkiseignir var unnið að verkefnum sem

áttu að bæta vinnuástöðu og líðan bæði nemenda og starfsfólks í skólanum (sjá Framkvæmdaáætlun í viðauka 2). Oft ganga áætlanir upp en því miður verður líka stundum misbrestur á því að hlutirnir séu gerðir á þeim tíma sem best hentar skólastarfi. Eitt mikilvægt verkefni sem hefur verið í gangi er fólgið í því að gera fólki kleift að opna glugga með góðu móti í hinum gömlu húsum skólans. Í úttektarskýrslu og starfsmannakönnunin Stofnun ársins hafa komið fram athugasemdir um léleg loftgæði þar sem það var eitt af þeim fimm atriðum sem verst komu út það árið. Í öðru af aðal kennslurýmum skólans, Miðbæjarskólanum, eru tvöfaldir gluggar og opnanlegu fögin í efri gluggaröðinni þannig að ekki hefur verið unnt að opna þá og loka þeim nema að standa uppi á stól auk annarra tilfæringa. Skólaárið 2017-2018 var settur upp sérstakur opunarbúnaður á öll opnanleg fög í Miðbæjarskóla. Gert er ráð fyrir að verkefnið verði lokið á haustönn 2018 og þá verði búið að setja búnaðinn upp í öll opnanleg fög að Fríkirkjuvegi 9. Með þessu verkefni mun vonandi takast að auka loftgæði í kennslurýmum þannig að þau megi teljast í viðunandi horfi.

Verið er að vinna að því að bæta hljóðvist í fjórum kennslustofum í Miðbæjarskóla. Stofurnar eru stórar og langar og berst hljóð illa um þær. Unnið var að þessu verkefni 2017-18 en gert er ráð fyrir að verkefninu muni ljúka á skólaárinu 2018-2019.

**4.4.2 Tæki og búnaður. Athugasemdir um úr sér genginn tölvubúnað eru daglegt brauð í framhaldsskólum og miklar kröfur gerðar um fjölda tækja og fartölvur sem nemendum standi til boða. Farin hefur verið sú leið að síðustu þrjú haust hafa nýnemar verið hvattir til þess að koma í skólann með eigin fartölvur til þess að nota í þágu námsins. Samhliða hefur verið farið í gagngerar endurbætur á innviðum tölvukerfisins og sumarið 2017 var komið upp þráðlausu neti í öllum rýmum skólans. Í rekstraráætlun til þriggja ára er gert ráð fyrir að 30-40 tölvur verði endurnýjaðar árlega auk nauðsynlegs stoðbúnaðar.**

## **4.5. Önnur helstu umbótaverkefni sem unnið var að veturinn 2017-18**

**4.5.1 Raddir nemenda.** Veturinn 2017-18 hóf Kvennaskólinn þátttöku í verkefninu Students' Voices sem er Erasmus plús verkefni og samvinnuverkefni þvert á skólastig, faggreinar og þjóðerni. Hér kallast hópurinn Raddir nemenda og hann hefur fyrst og fremst það hlutverk að fjalla um kennsluáferðir og með hvaða hætti er hægt að aðlaga kennslu að því sem nemendur telja henta sér í námi. Í verkefninu taka einnig þátt Reykjavíkurborg, Landakotsskóli og framhaldsskólar í Kaupmannahöfn og Helsinki. Kennarar úr mörgum greinum skólans taka þátt í þessu starfi. Verkefnið fékk styrk úr Sprotasjóði og heldur áfram skólaárið 2018-19.

**4.5.2 Uppeldi til ábyrgðar** er stefna sem miðar að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn barna og unglinga en einnig þjálfar þau í að ræða tilfinningar og átta sig á þörfum sínum. Aðferðinni er ætlað að styðja starfsfólk skólans til að móta sér skýra stefnu í samskiptum og agamálum. Hugmyndafræðin á að hafa áhrif á kennsluhætti, stjórnunarhætti og meðferð agamála. Verkefnið er unnið undir stjórn Esterar Bergsteinsdóttur forvarnarfulltrúa skólans og sálfræðikennara. Verkefnið fékk styrk úr Sprotasjóði og innleiðingu þess í skólanum er ætlað að ná til allrar starfsemi hans og allra starfsmanna og verður verkefninu haldið áfram á skólaárinu 2018-19.

**4.5.3. Endurmenntunarverkefni fyrir starfsmannahópinn.** Ýmiss konar endurmenntun fyrir starfsmannahópinn fór fram veturinn 2017-18, ýmist með fyrirlesturum eða örnámskeiðum. Fyrsta örnámskeiðið var fundur með nýjum kennurum og starfsfólki sem haldið er í upphafi annar. Á námskeiðinu sem skólameistari og námstjóri halda með nýja starfsfólkinu er farið yfir Handbók skólans fyrir nýja starfsmenn sem uppfærð er á hverju ári. Þar eru kynntar boðleiðir og ýmislegt vinnulag og síðan geta nýir starfsmenn spurt um allt sem þeim liggur á hjarta. Þessu örnámskeiði var svo fylgt eftir í kaffisþjalli síðar á önninni þar sem hægt var að ræða það sem upp á hafði komið eftir að önnin hófst. Passað er upp á að þeir starfsmenn sem byrja um áramót fái þessar upplýsingar líka.

Einu sinni á önn eru haldin svokölluð Húsping Kvennaskólans þar sem fenginn er utanaðkomandi fyrirlesari til að fræða starfsfólk skólans og seinni hlutinn er fólgin í hálf tíma málstofum. Hver starfsmaður velur sér tvær málstofur hverju sinni. Á hausthúspingi 13. október 2017 var forminu reyndar aðeins breytt þar sem ákveðið var að hafa tvo ítarlega fyrirlestura en engar málstofur að þessu sinni. Fyrri fyrirlesturinn var eins og fram kom í lið 4.3.2 hér að ofan um skipulag námsumhverfis í skólanum og hvort það væri í samræmi við vilja og þarfir nemenda. Síðari fyrirlestur þingsins flutti Vanda Sigurgeirsdóttir og fjallaði hann um aga og stjórnun í kennslustofum. Vorhúspingið var haldið 20. febrúar 2018. Aðalfyrirlesari þingsins var Ólafur Andri Ragnarsson aðjúkt við HR sem talaði um fjórðu iðnbyltinguna og áhrif hennar á vinnuumhverfi, nám og kennslu. Alls voru sjö málstofur haldnar, fjórar í fyrri lotu og þrjár í seinni lotu. Allir málstofustjórnendur voru úr kennarahópi skólans. Nánari upplýsingar um húspingin tvö fást í viðauka 3 þar sem dagskrárnar eru birtar.

Fyrir utan húspingin eru stundum fengnir fyrirlesarar á kennarafundi. Þeir kennarafundarfyrirlestrar sem haldnir voru veturinn 2017-18 eru í tímaröð þessir. Valgerður S. Bjarnadóttir kom á fund 29. september 2017 og kynnti niðurstöður doktorsverkefnis síns Raddir nemenda og áhrif þeirra á daglegt líf í skólanum. Verkefnið er hluti af rannsókninni starfshættir í framhaldsskóla og fór rannsóknin að hluta til fram í Kvennaskólanum og það var sá þáttur sem fjallað var um í fyrirlestrinum. Valgerður sat í 60 kennslustundum og fylgdi eftir tveimur bekkjum, öðrum á félagsvísindabraut og hinum á náttúrfræðibraut og tók þar að auki viðtöl við 37 nemendur og 6 kennara. 3. nóvember 2017 kom Vanda Sigurgeirsdóttir og flutti fyrirlestur um bekkjaanda, bekkjastjórnun og leiðtoga. 19. janúar 2018 kom Guðrún

Ragnarsdóttir aðjúntkt og verkefnastjóri menntavísindasviðs og flutti fyrirlestur um Lýðræðislega kennsluhætti: virk þátttaka og jafnt aðgengi. Þar var einkum fjallaði um hvernig hinn dæmigerði valdastrúktúr er í bekkjum, skiptir uppröðun í kennslustofur máli, hverjir taka pláss og hverjir hafa orðið og hvernig kennarar geta haft áhrif?

Fyrir utan þessi skipulögðu húsþing, kennarafundi og örnámskeið sjá kennarar sjálfir um að sækja ýmiss konar endurmenntun á vegum fagfélaga sinna eða annarra aðila og er það eitt af áhersluatriðunum í starfsmannaviðtölum að fá vitneskju um það hvernig hver kennari hefur hagaði sinni endurmenntun og einnig er skráð á hvað þeir hyggjast leggja áherslu í endurmenntun sinni á næsta ári.

## 5. Greining á niðurstöðum

### 5.1. Styrkleikar

Við teljum að styrkleikar Kvennaskólans komi skýrt fram í þessari skýrslu. Einkum stendur skólinn sig vel í því að veita nemendum það nám sem þeim ber, langflestir ljúka námi á tilsettum tíma og brotthvarfið er lítið. Samkvæmt niðurstöðum kennslumats virðast flestir nemendur vera ánægðir með kennara sína og þá kennslu sem þeir fá, sýna skólanum hollustu og þykir vænt um hann. Samkvæmt Stofnun ársins er starfsfólkið stolt af vinnustaðnum og ánægt með starfið sitt sem væntanlega hefur áhrif á vinnuandann til góðs. Það er því ekki síst mannaúdurinn, bæði í starfsfólki og nemendum sem er helsti styrkur skólans.

### 5.2. Veikleikar

Við þurfum í sumum tilfellum að bæta verklag eins og fram hefur komið í þessari skýrslu. Vinna er hafin á ýmsum sviðum og er helst þörf á að koma innramatsmálum í betra og fastara horf, færa ýmislegt tengt húsnæði til betri vegar og einnig að leggja vinnu í að framfylgja þeirri stefnu sem skólinn hefur ákveðið að innleiða, Uppeldi til ábyrgðar.

## 6. Umbótaáætlun

Eins og fram hefur komið í skýrslu þessari er sitthvað sem skólinn þarf og ætlar að bæta skólaárið 2018-19, þar á meðal:

| Aðgerðir   | Tímaviðmið       |
|--|------------------|
| Halda áfram að vinna að bættu vinnulagi í innra mati skólans     | Veturinn 2018-19 |
| Leggja fyrir víðtækari könnun meðal útskrifaðra nemenda skólans. | Vorönn 2019      |
| Leggja fyrir viðhorfs- og þjónustukönnun                         | Vorönn 2019      |

|   |                       |
|---|-----------------------|
| Leggja reglulega fyrir kannanir á meðal foreldra  | Hefst á haustönn 2018 |
| Vinna að endurbótum á húsbúnaði á kennarastofum og einnig í kennslustofum, m.a. með tilliti til þess að styðja við meiri sveigjanleika í kennsluháttum.   | Veturinn 2018-19      |
| Vinna áfram að lagfæringum á loftgæðum og hljóðvist.  | Veturinn 2018-19      |
| Styrkja starf þeirra vinnuhópa sem eru í gangi og fylgja eftir niðurstöðum þeirra   | Veturinn 2018-19      |
| Styðja við stefnu skólans um Uppeldi til ábyrgðar og vinna að því að gera hana að sameiginlegu verkefni allra starfsmanna. Lögð verður áhersla á verkefnið í endurmenntun starfsfólksins og einnig minnt á það með því að merkja öll vinnurými kennara og allar kennslustofur með merki verkefnisins. | Veturinn 2018-19      |

## Lokaorð

Það er von okkar að skýrsla þessi gefi gott yfirlit yfir það starf sem tryggir innra mat á starfi Kvennaskólans í Reykjavík og þá stöðugu viðleitni að þróa það og bæta í því skyni að tryggja nemendum þá menntun sem lög gera ráð fyrir. Verið er að innleiða nýjar verklagsreglur til þess að formgera innra mat betur en verið hefur og bæta inn nokkrum mikilvægum þáttum. Árið 2018-2019 mun skólinn geta lagt fram tölur og upplýsingar sem munu þetta innra matið frekar en verið hefur.

Reykjavík, 15. febrúar 2019

Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari

Ingibjörg Axelsdóttir námstjóri

Viðaukar

## Viðauki 1 Gæðamarkmið og mælikvarðar

### Gæðamarkmið og mælikvarðar

Gæðamarkmið fléttast beint inn í þriggja ára áætlun Kvennaskólans í Reykjavík um starf sitt og rekstrarmarkmið. Í skólanum er unnið að því að bæta gæði skólastarfsins með hliðsjón af eftirfarandi gæðamarkmiðum og kvörðum til að mæla þau:

#### Aðferðir til að mæla gæði starfseminnar

**Brotthvarf:** Hlutfall brotthvarfs á haust- og vorönn, þ.e. þeir nemendur sem skráðir eru úr námi einhvern tímann vetrarins. Vegna bekkjakerfis er sáralítið brottfall úr einstaka áföngum.

**Hlutfall brautskráðra nemenda:** Bæði er skoðað hlutfall brottskráðra af þeim sem innrituðust ákveðin ár og einnig hve langan tíma tók fyrir þá nemendur að ljúka námi við skólann.

**Viðvera:** Meðaltal fjarvistarhlutfalls allra nemenda í dagskóla. Skoðuð er vottorðaskólasókn og einnig fjöldi þeirra nemenda sem fær skólasóknareiningu fyrir það að vera með 96% raunskólasókn eða hærri.

**Ánægja með kennslu, kennara og aðstöðu til náms:** Svar við spurningu úr kennslukönnun. *Á heildina litið er ég ánægð(ur) með kennsluna í áfanganum.* (Reiknað er hlutfall þeirra nemenda sem velja svarmöguleikana „frekar sammála” og „mjög sammála”.)

**Aðstaða til náms og kennslubúnaður** (t.d. kennslustofa, tæki og tól) í áfanganum viðunandi. (Reiknað er hlutfall þeirra nemenda sem svara „frekar sammála eða mjög sammála”).

**Viðhorf og líðan nemenda:** Svör nemenda við spurningum um líðan í skólanum og ánægju með skólann og þjónustu hans í þjónustukönnun. Eftirfarandi spurningar eru lagðar til grundvallar.

*Í skólanum líður mér vel.* (Reiknað er hlutfall þeirra nemenda sem svara „næstum alltaf” eða „oftast”).

*Ég tel að námið í skólanum búi mig vel undir frekara nám eða störf.* (Reiknað er hlutfall þeirra nemenda sem svara „mjög sammála” eða „frekar sammála”).

**Viðhorf starfsmanna til aðbúnaðar:** Um viðhorf starfsmanna til aðbúnaðar og starfsánægju er spurt í könnuninni um Stofnun ársins með eftirfarandi spurningum:

*Ég er ánægð(ur) með aðbúnað minn á vinnustaðnum.* Spurt er um loftræstingu, lýsingu, öryggi á vinnustað, matar- og kaffiaðstöðu, tölvu- og tækjabúnað, vinnu- eða skrifstofurými. Markmið skólans er að hlutfall þeirra starfsmanna sem svara „mjög ánægð(ur)” eða „frekar ánægð(ur)” sé ekki undir 85%.

**Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu.** Markmið skólans er að hlutfall þeirra starfsmanna sem svara „mjög sammála” eða „frekar sammála” sé ekki undir 85%.

## Viðauki 2 Framkvæmdaáætlun – staða verkefnanna

### Kvennaskólinn í Reykjavík

#### Framkvæmdaáætlun 2017 - 2018

Skólameistari skilar framkvæmdaáætlun til Ríkiseigna fyrir næsta ár fyrir 1. nóvember. Í áætluninni koma fram óskir skólans um brýnar framkvæmdir er lúta að ábyrgð Ríkiseigna sem leigusala. Hún er gerð í samráði við umsjónarmann fasteigna.

| <b>1. Aðalbygging</b>   | Dags./lokið             | Framhald |
|---|-------------------------|----------|
| 1.1 Bæta aðgengi fyrir hreyfihamlaða. Spurning hvort unnt er að koma fyrir lyftuhúsi í horninu á tengibyggingu á milli gamla skólahússins og nýbyggingar. Slíkt myndi hvorki verða lýti á byggingunni né trufla friðun hennar. Verulega er farið aða knýja á skólann um að bæta hér úr. | Ekki framkvæmt          | 2018     |
| 1.2 Setja upp búnað til þess að opna og loka gluggum í kennslustofum og á skrifstofum. Núverandi ástand er óviðunandi. Mikilvægt að finna ásættanlega lausn bæði fyrir notendur og húsið sjálft og friðun þess.   | Ekki framkvæmt.         | 2018     |
| Lagfæra tröppur og stétt við aðalinngang. Orðnar hættulegar og misgengi hefur myndast.  | Ekki framkvæmt.         | 2018     |
| 1.3 Skrifstofur og matsalur á miðhæð. Málning og lýsing, raflagnir.<br><br>Haldið áfram með stigagang og skrifstofugang o.fl.<br>Skipt um veggfóður og parket á skrifstofu skólameistara.   | Lokið að hluta.         | 2018.    |
| 1.4 Snyrtingar eru orðnar mjög lúnar og spurning hvort unnt er að finna framtíðarlausn sem gæti gert aðstæður í samræmi við nútímakröfur.   | Ekki framkv.            | 2018     |
| 1.5 Skoða lagnir undir gólfu í kjallara og rakamyndun frá fornu fari.   | Lokið í Katrínar-kompu. |          |
| <b>2. Nýbygging</b>   |                         |          |
| 2.1 Setja sólarvörn í gler í gluggum á kennslustofum sunnanmegin?   | Ekki framkv.            |          |

|  |   |                    |
|--|---|--------------------|
| 2.2 Allir dúkar eru slitnir og illa farnir. Ekki verið endurnýjaðir síðan húsið var byggt 1978.  | Ekki framkv.  | 2018               |
| 2.3. Mála kennslustofur. Lagfæra efnafræðistofu. Sjá lista frá kennurum.   | 2017<br>Að austan.                                    | 2018<br>Að vestan. |
| 2.4 Skipta um gólflista þar sem þarf.  | Lokið.  |                    |
| 2.5.Snyrtingar orðnar þreyttar og þarfnast verulegrar andlitslyfingar. Varla fólki bjóðandi lengur.  | Ekki framkv.  | 2018               |
| 2.6. Bókasafn: þarfnast endurskipulagningar að nokkru leyti skv. nýjum tillögum um betri nýtingu.  |   | 2018               |
| Efnafræðistofa; breyta skipulagi, innréttinum o.f. (sjá óskalista)   | Ekki lokið  | 2019               |
| <b>3.Uppsalar</b>  |   |                    |
| 3.1 Bæta aðgengi fyrir hreyfihamlaða.  | Ekki framkv.  | 2018 -             |
| 3.2 Steypa þrep við aðalinngang.   | Ekki framkv.  | 2018               |
| 3.3 Þilja stofur og rými þar sem panell hefur verið fjarlægður. Um leið þyrfti að setja hljóðeinangrandi plötur á vegg á milli kennslustofa.   | Ekki framkv.  | 2018               |
| 3.4 Taka niður tölvuherbergi á gangi á efri hæð. Færa ganginn í upprunalegt horf.  | Lokið.  |                    |
| 3.5. Viðgerðir og frágangur á sviði í matsal.  | Lokið.  |                    |
| 3.6. Gera við leka á efri hæð.   |   | 2018               |
| <b>4. Miðbæjarskóli</b>  |   |                    |
| 4.1 Breyta opnanlegum gluggum og setja upp búnað til þess að opna og loka í kennslustofum og á skrifstofum. Hingað til hefur fólk þurft að klifra upp á borð og stóla til að stjórna gluggaopnunum. Loftgæði eru því oft óviðunandi. Þetta yrði til þess að bæta notagildi þessa gamla og góða húss. | Lokið að hluta 30. sept. Verkinu lykurlur í des 2017. |                    |
| 4.2 Kvartað hefur verið yfir ofnæmisviðbrögðum og veikindum hjá kennurum í tengslum við veru í Sögusetri í kjallara og stofu 23. Grunur um raka og sveppamyndun.   | Úttekt gerð. Skýrsla frá Eflu.                        | 2018               |



|  |  |      |
|--|--|------|
| 4.3 Flísar í sturtuklefum. Orðnar mjög gamlar og líta afar illa út, orðnar mattar og safna óhreinindum.  | Ekki framkv.   | 2018 |
| 4.4 Gera við/skipta um rennur þær sem orðnar eru lekar.  | Ekki framkv.   | 2018 |
| 4.5 Framkvæmdir í porti. Teiknistofan Landslag er með málið í athugun.   | Ekki framkv.   | 2018 |
| 4.6 Málaðir gluggar o.fl. utanhúss. Pússaður og lakkaðar útihurðir o.fl.   | Lokið  |      |
| 4.7 Skipta um glugga? Skipta um járn?  |  | 2018 |
| 4.8 Setja hitalögn undir gangstétt ofan frá sorptunnum og upp að porti.  |  |      |
| 4.9 Kennarastofa: Dúkur á gólfi þarfnast endurnýjunar. Sjá líka skýrslu Eflu. Eldhúsinnréttingu þarf að lagfæra, stækka. Spurning hvort unnt er að nota innréttinguna sem er á jarðhæð ónotuð.   |  |      |
| 4.10. Minnka stóru kennslustofurnar á efri hæð; búa til minni rými inn af þeim. Hljóðvist er slæm og stofurnar eru of stórar. Litlu rýmin mætti nota fyrir hópstarf og til ýmissa annarra nota. Þurfum fyrst og fremst að finna leið til að bæta hljóðvist í stærri stofunum.  |  | 2018 |
| <b>5. Almennt</b>  |  |      |
| 5.1 Hússtjórnarkerfi.<br><b>Mikill</b> fengur yrði að slíku enda skólinn rekinn í fjórum byggingum. Það myndi auðvelda stjórn á lýsingu og hita, ekki síst í Miðbæjarskóla.  | Lokið í M.   | 2018 |
| 5.2 Halda áfram með hitalagnir undir gangstéttum; meðfram Miðbæjarskóla, á milli ruslatunna og hliðs inn á bílastæði í porti (örfáir metrar). Mikið gengið þarna enda er nú búið að leggja hita undir bílaplan að Fríkirkjuvegi 3 og nemendum er heimilt að ganga þarna á milli til að stytta sér leið.<br>Einnig er búið að leggja hita og hellur undir baklóð að Fríkirkjuvegi 11 og upp/innkeyrsluna. Nemendum Kvennaskólans er heimilt að ganga þarna á milli til að stytta sér leið.<br>Mikil framför að hitalögnum þeim sem komnar eru.<br><br>Auka hellulögn framan við Fríkirkjuveg 9 og setja hita undir. Mikið gengið og ekið á grasflötinni í miðjunni framan við skólahúsið. | Hitalögn komin og stétt breikkuð upp að Aðalbyggingu meðfram Listasafni. | 2018 |
| 5.3 Útimerkingar á húsum skólans. Verða að sjást. Nýja logoið.   |  | 2018 |

|  |  |  |
|--|--|--|
|  |  |  |
|--|--|--|

## Viðauki 3 Dagskrá húsþinga 2017-18

### Hausthúsping 2017

Húsping haustannar verður á morgun föstudaginn 13. október og hefst klukkan 13:15 þannig að síðasti tími dagsins fellur niður. Kennslu lýkur klukkan 13:00. Þingið verður með örlítið breyttu sniði að þessu sinni því að það verða tveir fyrirlesarar en engar málstofur.

Í fyrri lotu sem tekur u.þ.b. 70 mínútur verður Anna Kristín Sigurðardóttir með innlegg og þróunarsmiðju. Anna Kristín er dósent í HÍ og tók þátt í rannsóknarhópi um starfshætti í framhaldsskólum sem m.a. fór fram hér í Kvennó. Nánari lýsing er hér:

**Er skipulag námsumhverfis í skólanum í samræmi við þarfir og vilja nemenda?** Byggt á vettvangsathugunum í 130 kennslustundum og viðtölum við 17 nemendahópa í níu framhaldsskólum í rannsókninni Starfshættir í framhaldsskólum 2013–2014. Leitað var eftir viðhorfum nemenda til þess við hvaða aðstæður þeim þætti gott að læra eða ekki. Notaðar voru myndir til að varpa ljósi á viðhorf þeirra. Umræða í hópum getur beinst að því að greina hvaða tækifæri nemendur í skólanum hafa til að aðlaga umhverfið að eigin námsstíl og aðferðum til að draga fram sjónarmið nemenda.

Eftir þessa lotu verður hálf tíma kaffihlé en svo hefst **síðari lota** þar sem Vanda Sigurgeirsdóttir ræðir við okkur um aga og stjórnun í kennslustofum.

### Vorhúsping 2018

#### Dagskrá vorannarhúspings 20. febrúar 2018

13:30 - 14:30 Stofa M19:

Fyrirlestur Ólafs Andra Ragnarssonar adjúnkts við HR: *Fjórða iðnbyltingin og áhrif hennar á vinnuumhverfi, nám og kennslu*. Umræður að loknu erindi.

14:30 - 15:00 Kaffihlé - kennarastofa í Miðbæjarskóla

15:00-15:30 Málstofur. **Hver starfsmaður velur sér eina málstofu af fjórum**

---

### Niðurstöður Skólapúlsins – Þórður Kristinsson Stofa M15

Þeir þættir sem komu hvað verst út úr Skólapúlsinum sem lagður var fyrir nemendur skólans fyrir áramót snúa annarsvegar að einelti og hins vegar að því að nemendur hér hafa upplifað ofbeldi og kynferðislega áreitni í skólanum eða á viðburðum á vegum skólans. Þátttakendur málstofunnar skoða saman mögulegar leiðir til þess að fá nemendur til að vinna með niðurstöður Skólapúlsins þar sem við leitum eftir hugmyndum þeirra um hvernig megi laga þessi mál. Þessar hugmyndir verða síðan grunnurinn að úrbótavinnu. Við munum velta fyrir okkur heppilegri umgjörð og mögulegum afurðum slíkrar vinnu.

---

### Notkun bloggs í kennslu – Kristján Guðmundsson Stofa M24

Kristján hefur notað blogg, fyrst Word-Press og nú Squarespace til að koma námsefni á framfæri (með og án þátttöku nemenda). Hann sýnir dæmi um ólíka notkun þessarar aðferðar, gott væri (en ekki nauðsynlegt) ef kennarar kæmu með fartölvur með sér, þá geta þeir skoðað sjálfir ólík blogg.

---

### Raddir nemenda – Ásdís Arnalds Stofa M17

Fá allir nemendur næg tækifæri til að tjá sig í umræðum? Örathugun í tengslum við verkefnið *Students' Voices* og dæmi um hvaða kennsluáferðir nemendur telja að virki best í námi.

---

### Lærum saman – Valgerður Stella Kristjánsdóttir Stofa M18

Málstofan fjallar um hugmynd að skólaþróunarverkefni sem kennaranemar í Kvennó unnu á vorönn 2017. Hugmyndin snýr að því að innleiða lærdómssamfélag (e.professional learning community) í skólanum. Lærdómssamfélagið sem hugmynd varð til á tíunda áratug 20. aldar og hefur hlotið útbreiðslu víða síðan, þá helst í Kanada þar sem lærdómssamfélag er bundið í námskrá. Lærdómssamfélagið sem slíkt hefur verið vinsælt skólaþróunarverkefni á síðari árum en hefur ekki verið mikið í deigunni á Íslandi hingað til.

---

15:30 – 16:00 Málstofur II **Hver starfsmaður velur sér eina málstofu af þremur:**

### **Hvernig grunnþættir menntunar birtast með ólíkum hætti í tveimur námsgreinum framhaldsskóla – Hildigunnur Gunnarsdóttir Stofa M18**

Málstofan tengist doktorsrannsókn Hildigunnar á innleiðingu grunnþátta í tvær námsgreinar, stærðfræði og félagsfræði, í skólastarfi í Kvennaskólanum í Reykjavík. Hvernig grunnþættir menntunar birtast með ólíkum hætti í tveimur námsgreinum, annars vegar í efnisvali og inntaki náms og hins vegar í starfsháttum og aðferðum. Ferlið er skoðað frá opinberum stefnumótunaraðilum til framkvæmdar í skólastarfi.

---

*Uppeldi til ábyrgðar – Uppbyggingarstefna í Kvennaskólanum - Ester Bergsteinsdóttir*  
*Stofa M17*

---

Uppeldi til ábyrgðar er hugmyndafræði sem miðar að því að ýta undir ábyrgðarkennd og sjálfstjórn. Hugmyndin gengur út á að skólinn og starfsmenn hans myndi sér skýra sameiginlega stefnu varðandi samskipti og agamál þar sem markmiðið er jákvæðni, gott andrúmsloft, virðing, umburðarlyndi og öryggi. Markmiðið er að hjálpa nemandanum að læra af mistökum sínum og að gera alltaf sitt besta. Rannsóknir benda til þess að þessi aðferð skapi traust, auki vinnufrið, dragi úr álagi og minnki kviða. Spurningin er, á þessi stefna við í framhaldsskóla og hvernig myndum við útfæra hana?

---

---

*Students' Voices - erlent samstarfsverkefni um kennsluaðferðir – Ásdís Ingólfssdóttir*  
*Stofa M16*

---

Sagt verður stuttlega frá verkefni, um hvað það snýst, ferð til Kaupmannahafnar og því hvernig fyrirhugað er að vinna með nemendum.

---